



## 1638. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

24.1.2018, kl. 11:30

### 1. Fundargerð 1637. fundar

Samþykkt með fyrirvara um að bætt verði inn orðalagi áskorunarinnar sem samþykkt var að senda á Reykjavíkurborg vegna aðstöðumála Þróttar.

### 2. Fundur stjórnar og starfsmanna um Meeto

Sérstaklega var boðað til fundar stjórnar og starfsmanna ÍBR þann 17. janúar vegna #Meeto. Á fundinum var m.a. rætt um þær frásagnir íþróttakvenna sem hafa komið fram um kynbundið ofbeldi, einelti, kynferðislegt ofbeldi og áreitni. Fjallað var um hvað ÍBR, ÍSÍ, Reykjavíkurborg og fleiri hafa gert og ætla sér að gera til að bregðast við. Á fundinum var skipaður aðgerðahópur ÍBR sem hefur það hlutverk að bregast strax við og leita lausna sem stuðla að frekara öryggi íþróttaiðkenda í Reykjavík. Í kjölfarið af fundinum gaf stjórn ÍBR út yfirlýsingu um málið þar sem m.a. fólki er boðið að hafa samband við aðgerðahópinn ef það vill koma einhverju á framfæri. Aðgerðahópurinn hefur þegar haldið sinn fyrsta fund.

### 3. Formannafundur ÍBR

Samþykkt að stefna á 12. mars.

### 4. Heimasíður ÍBR

Minnisblað framkvæmdastjóra lagt fram. Ljóst að það þarf öflugra og öruggara kerfi til að halda utanum vefi ÍBR. Samþykkt að ganga til samninga við UENO sbr. minnisblaðið.

### 5. Samþykktir RM

Vísað til laganeftdar ÍBR.

### 6. Fundur um stefnu fyrir mannvirkjauppbyggingu í Reykjavík

Samþykkt að halda fundinn. Framkvæmdastjóra falið að útfæra nánar.

### 7. Stefnumótun fyrir íþróttir í Reykjavík til 2030

Tillaga um að skipa stafshóp með fulltrúum ÍBR, ÍTR og aðildarféлага samþykkt.

### 8. Verkefni stjórnar

Minnt á listann með þeim verkefnum sem liggja fyrir.

### 9. Lífeyrissjóðurinn Brú

Samþykkt að gera upp áfallnar skuldbindingar við sjóðinn. Framkvæmdastjóra falið að leita ásættanlegra lausna m.t.t. kostnaðar í framtíðinni.

### 10. Önnur mál

Ekkert rætt undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 12:55

Gígja Gunnarsdóttir, ritari